

Ungmennaráð Seltjarnarness

Ungmennaráð Seltjarnarness var stofnað í október árið 2009. Ungmennaráð er skipað 7 ungmennum á aldrinum 16 til 18 ára sem kosin voru lýðræðislega. Árið 2011 varð breyting á fyrirkomulagi Ungmennaráðsins þar sem breitt var úr fulltrúalýðræði og yfir í beint lýðræði.

Haldin eru fjögur ungmennaping á hverju ári þar sem allir á aldrinum 16-25 ára eru velkomnir. Á þessum þingum er farið yfir síðastliðin ársfjórðung og næsti ársfjórðungur skipulagður. Allir sem mæta á ungmennapingið hafa atkvæðis- og tillögurétt. Yfir öll verkefni sem ákveðið er að fara í á hverjum tíma er skipaður verkefnastjóri sem ber ábyrgð á hverju verkefni fyrir sig.

Með þessu fyrirkomulagi hafa allir möguleika á að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif á málefni sveitarfélagsins. Ábyrgðin dreifist yfir hópinn og fleiri einstaklingar taka virkan þátt í starfi Ungmennaráðs Seltjarnarness.

Ungmenni sem hafa áhuga á að starfa í Ungmennaráðinu geta mætt í ungmennahúsið Skelina við Suðurströnd, á miðvikudögum eða fimmtudögum frá klukkan 20:00 til 22:30. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið, ungness@gmail.com eða hafa samband við félagsmiðstöðina Selið í síma 595-9177

Verkefni

- Ungmennaráð Seltjarnarness hefur tekið þátt í alþjóðlegum verkefnum, bæði farið út til útlanda og tekið á móti erlendum hópum hingað til Íslands.
- Ungmennaráð Seltjarnarness fundar reglulega með bæjarstjórn Seltjarnarness og fjallar þar um málefni ungs fólks.
- Ungmennaráð Seltjarnarness hefur setið stefnumótunarfund hjá Mennta- og menningarmálaráðherra um málefni ungs fólks.
- Ungmennaráð Seltjarnarness heldur reglulega viðburði fyrir Seltirninga og má þar nefna Nikkuball fyrir eldri borgara, mánaðarlega viðburði fyrir eldri borgara í Selinu síðasta miðvikudag mánaðarins, tónleika, fræðslukvöld, jólakaffihús og margt fleira.
- Ungmennaráð Seltjarnarness hélt úti veffréttastöðinni NesTV og má sjá afraksturinn á www.solid.is/nestv (Opnast í nýjum vafraglugga).
- Ungmennaráð Seltjarnarness hefur haldið utan um tölvunámskeið fyrir eldri borgara á Seltjarnarnesi.
- Ungmennaráð Seltjarnarness vann kynningarbæklinga fyrir öll svið Seltjarnarnesbæjar á ensku og íslensku.

Markmið ungmennaráðs eru að:

- efla félagslíf fyrir 16-18 ára ungmenni á Seltjarnarnesi
- auka framboð á skemmtunum og fræðslu fyrir þennan aldurshóp
- bæta samfélagið með jákvæðu hugarfari og sýna gott fordæmi
- skapa grundvöll til þess að ungmenni geti komið saman og komið
- skoðunum sínum á framfæri
- virkja ungmenni í samfélaginu

- auka jafningjafræðslu sem og almenna fræðslu
- stuðla að því að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu
- vera tengiliður ungmenna á Seltjarnarnesi við yfirvöld
- verja hagsmuni ungmenna á Seltjarnarnesi og berjast fyrir bættem
- kjörum og réttindum